



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 17

Mai 1987

### GRÍMSVATNASKÁLI II - OPIÐ HÚS

Grímsvatnaskáli II, sem verið hefur í byggingu í vetur, verður til sýnis á byggingarstað við Sunnuflöt 48, Garðabæ, fimmtudaginn 28. maí (uppstigningadagur) eftir hádegi. Heitt kaffi verður á könnunni. Félagar, komið og skoðið þennan glæsilega skála áður en hann fer á jökul.

## SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var þá jafnframt dregið um röð vara-  
stjórnarmanna. Stjórnin er þannig skipuð:

### Aðalstjórn:

Sveinbjörn Björnsson formaður, kosinn 1986 til þriggja ára.

Helgi Björnsson varaformaður, kosinn 1987 til tveggja ára.

Einar Gunnlaugsson ritari, kosinn 1987 til tveggja ára.

Jón E. Ísdal gjaldkeri, kosinn 1986 til tveggja ára.

Stefán Bjarnason meðstjórnandi, kosinn 1986 til tveggja ára.

### Varastjórn:

Jón Sveinsson fyrsti varamaður, kosinn 1986 til tveggja ára.

Björn Indriðason annar varamaður, kosinn 1987 til tveggja ára.

Ástvaldur Guðmundsson þriðji varamaður, kosinn 1987 til tveggja ára.

Pétur Þorleifsson fjórði varamaður, kosinn 1986 til tveggja ára.

### Nefndir:

Rannsókn nefnd: Helgi Björnsson formaður. Ekki hefur verið gengið frekar frá skipun nefndarinnar þar sem formaður hennar hefur verið erlendis.

Skála- og birgðanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Pétur Þorleifsson.

Bílanefnd: Gunnar Guðmundsson formaður, Bárður Harðarson, Björn Indriðason, Eiríkur Gunnarsson, Guðmundur Marísson, Guttormur Þórarinnsson, Magnús Eyjólfsson, Ólafur Nielsen.

Ritnefnd: Ólafur Flovenz ritstjóri. Af hálfu JÖRFI eru Helgi Björnsson, Magnús Hallgrímsson og Tómas Jóhannesson í ritnefnd, en af hálfu Jarðfræðafélagsins eru Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson og Leo Kristjánsson.

## JÖRFI, HÆSTI STAÐUR KVERKFJALLA

Pegar litið er í þokkalegu skyggni til Kverkfjalla vestan frá mótum Bárðabungu og Dyngjujökuls eða austan frá Breiðubungu og Brúarjökli ber við sjóndeildarhring ofurlítil svört rák, rétt eins og afblásið melholt í sveitum landsins á vetrardegi. Sé komið til Kverkfjalla í kólgu og skafrenningi stígur sama myndin fram, það tekur að glitta í jörfaásinn, loks er þar gengið á grjóthnullungum og malarslitringi.

Jökulfarar í vorleiðangri Jökklarannsóknafélags Íslands 1986 töldu það ekki vansalaust að hæsti staður Kverkfjalla væri nafnlaus. Í miðnætursól uppi á Grímsfjalli var mér með einskonar Egilsstaðasamþykkt falið að finna nafn sem sæmdi Kverkfjöllum og gæti komið í stað hins síendurtekna: "Hæsti staður Kverkfjalla". Tillaga mín er : JÖRFI. /S.Rist

## VATNAFRÆÐIRÁÐSTEFNAN 1987

Í ár eru liðin 40 ár frá því, að skipulagðar vatnamælingar hófust hjá Raforkumálaskrifstofunni. Ennfremur verður Sigurjón Rist vatnamælingamaður 70 ára í haust, en hann hefur veitt þeim forstöðu frá upphafi. Af því tilefni hefur Orkustofnun í félagi við nokkra aðila, sem haft hafa nán tengsl við Vatnamælingar og Sigurjón, ákveðið að efna til 2 daga ráðstefnu um Vatnafræði Íslands í Reykjavík, dagana 22.-23. október á hausti komandi. Vatnamælingar eru í dag ein elsta deildin á starfsemi Vatnsorkudeildar Orkustofnunar, sem nú nálgast 20 ára afmæli sitt, og er ráðstefnan hluti af afmælishátíðahöldunum.

Orkustofnun bauð nokkrum stofnunum, fyrirtækjum og félögum, sem unnið hafa í nánu samstarfi við Sigurjón Rist og Vatnamælingar, að gerast samstarfsaðilar að Vatnafræðiráðstefnunni 1987 og hafa þau þekkt það boð, en þau eru: Veðurstofa Íslands, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Háskóli Íslands, Vegagerð ríkisins, Veiðimálastofnun, Jökklarannsóknafélag Íslands, Íslenska Vatnafræðifélagið og Verkfræðistofurnar: Almenna verkfræðistofan hf., Hönnun hf., Vatnaskil hf. og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

Ráðgert er, að erindin á ráðstefnunni fjalli um alla helstu þætti vatnafræðinnar, bæði fræðilega og hagnýta. Helstu efnisflokkar eru: 1. söguleg afmæliserindi, 2. grundvöllur vatnafræðinnar, 3. hringrás vatnsins, 4. jöklar, 5. landmótun, 6. vatnsaflíð, 7. jarðhitinn og 8. vatnsnytjar. Stefnt er að því, að öll erindi ráðstefnunnar verði gefin út sem bók á n.k. vetri. Einnig er hugsanlegt að sérhefti af JÖKLI verði helgað ráðstefnunni.

Orkustofnun mun sjá um skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar og eru þeir Guttormur Sigbjarnarson, jarðfræðingur, Hákon Aðalsteinsson, líffræðingur og Kristinn Einarsson, vatnafræðingur í framkvæmdanefnd hennar.

Ráðstefnan verður öllum opin með fyrirframskráningu þátttakenda. Þeir sem hafa áhuga á að flytja erindi tilkynni það einhverjum í framkvæmdanefndinni fyrir 20. júní 1987, og skili úr því ítarlegum úrdrætti eigi síðar en 10. september í haust. /GS/HA/KE

#### GISTIGJÖLD Í SKÁLUM

Ákveðið hefur verið að gistigjald í skálum félagsins verði 350 kr í skálunum á Grímsfjalli og í Jökulheimum, en 250 kr í öðrum skálum. Jökulheimar II og Grímsvötn II verða læstir og geta menn fengið lykla hjá Stefáni Bjarnasyni, Hæðargarði 54.